

# Fundargerð 60. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 4. apríl kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO**

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu, dagsettar 28.03.2023 og 04.04.2023.

Í fundargerð starfsnefndar dagsett 04.04.2023 leggur starfsnefndin fram tillögur til stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga sem eru eftirfarandi :

- a. Að stjórn samþykki tillögur starfsnefndar sem samþykktar voru á fundi 4. Apríl 2023.
- b. Að stjórn boði aukaaðalfund SO til að leggja til samþykktar niðurstöður starfsnefndar.
- c. Að stjórn boði til fundar viðeigandi ráðherra þeim til kynningar í framhaldi af aukaaðalfundi.
- d. Að stjórn feli starfsnefnd frekari starfsheimildir til frekari vinnslu á útfærslum og útreikningum á þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir.

Varðandi a. lið er vísað í dagskrálið 2

Varðandi b. lið er vísað í dagskrálið 3

Varðandi c. lið. Stjórn hefur nú þegar falið formanni að boða viðeigandi ráðherra til fundar. Var það samþykkt á síðasta stjórnarfundum 24 mars sl.

Varðandi d. lið. Stjórn vísar til aukaaðalfundar þar sem ákvörðun verður tekin um framhald starfsnefndar.

**2. Niðurstöður starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO**

Jónína Brynjólfsdóttir fór yfir tillögur starfsnefndar.

Stjórn samþykkir tillögur starfsnefndar og þakkar henni fyrir vel unnin störf.

**3. Aukaaðalfundur 2023 - 2303002SO**

Stjórn Samþykkir að halda aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga 21 apríl kl.11:00. Markmið fundarins er að fá staðfestingu á tillögum starfsnefndar samtakanna um ávinning af orkuvinnslu.

Stjórn samþykkir eftirfarandi drög að dagskrá:

1. Kynning og samþykkt á tillögum starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu.
2. Hugarflug um frekari vinnslu á útfærslum og útreikningum á niðurstöðum starfsnefndar.
3. Næstu skref.
4. Kynning á Orkufundi 2023.
5. Önnur mál.

Fundi var slitið kl. 12:00

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Árni Eiríksson

---

Guðný Birna Guðmundsdóttir

---

Jónína Brynjólfsdóttir

---

Knútur Emil Jónasson

---

Grétar Ingi Erlendsson